Karlotta Helgadóttir

Subject: Skipulagsráð - 160 : 2312697 - Vatnsendablettur 1B. Breytt aðalskipulag.

2312697 - Vatnsendablettur 1B. Breytt aðalskipulag.

Lögð fram uppfærð umsókn Ásgeirs Arnar Hlöðverssonar f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 1B við Vatnsendablett dags. 8. desember 2023 um breytingu á aðalskipulagi. Í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 er skilgreind landnotkun opið svæði en óskað er eftir að landnotkun verði breytt í íbúðarsvæði. Gert er ráð fyrir að á svæðinu verði sjö lóðir fyrir einbýlishús á einni hæð með aðkomu úr suðri frá Vatnsendabletti. Uppdrættir og fylgiskjöl, ódagsett. Á fundi skipulagsráðs þann 29. janúar 2024 var erindið lagt fram, afgreiðslu var frestað og vísað til umsagnar skipulagsdeildar. Þá lögð fram umsögn skipulagsdeildar dags. 1. mars 2024.

Skipulagsráð hafnar framlagðri umsókn um breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 með þremur atkvæðum Hjördísar Ýrar Johnson, Hákonar Gunnarssonar og Helgu Jónsdóttur gegn atkvæðum Kristins Dags Gissurarsonar, Gunnars Sæs Ragnarssonar og Theódóru S Þorsteinsdóttur. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar. Andri Steinn Hilmarsson sat hjá við afgreiðslu málsins. Bókun: Undirrituð óskar eftir minnisblaði um þær breytingar sem gerðar hafa verið á skipulagssvæðinu m.t.t. jafnræðis milli lóðarhafa á svæðinu. Theódóra S Þorsteinsdóttir.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026